

Árni Davíðsson

From: Árni Davíðsson
Sent: föstudagur, 11. desember 2020 15:27
To: Hólmfríður Þorsteinsdóttir
Subject: RE: Stöðuskýrsla um fráveitumál á Íslandi

Sæl Hólmfríður

Afsakaðu sein svör.
Mér sýnist upplýsingar réttar varðandi Kjósarsvæði.

Nokkrir punktar varðandi þetta efni, sem e.t.v. heyra ekki allir undir þessa skýrslu.

- Staða hreinsunar í dreifbýli. Fyrirtækið Loftmyndir hefur rekið þjónustu sem heitir „Seyra“ og er talsverður fjöldi sveitarfélaga aðili að þjónustunni. Þetta er landfræðilegt upplýsingakerfi sem heldur utanum upplýsingar um rotþrær og tæmingu þeirra. Frá þeim eða sveitarfélögum sem eru í þjónustu hjá þeim er sennilega hægt að fá betri upplýsingar um stöðu hreinsunar í dreifbýli í þeim sveitarfélögum.
- Nauðsynlega þarf að uppfæra leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir með nýjum upplýsingum um hreinsistöðvar og leiðbeiningar um útbúnað þeirra og tæmingu.
- Örplast er að stærstum hluta (um 75%) komið frá sliti á hjólbörðum sem að mestu leyti fer ekki í skólpl heldur í ofanvatn a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er því til lítils að bæta hreinsun á skólpi til að hreinsa örplast.
- Talsvert af rusli sem á að fara í sorpið er hent í klósett s.s. blautklútar, eyrnappinnar, dömubindi o.s.frv. Besta leiðin til að fást við þann úrgang er að auka fræðslu til almennings. Einnig er hægt að banna plast í þessum vörum eða umbúðum þeirra sbr. að það var bannað að hafa plast í eyrnappinum.

kveðja

Árni Davíðsson framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

sími 525 6797
www.eftirlit.is

From: Hólmfríður Þorsteinsdóttir [mailto:holmfridur.th@umhverfisstofnun.is]

Sent: laugardagur, 14. nóvember 2020 10:50

To: arnysig@me.com <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>; Anton Helgason <anton@hevf.is>; Sigurjón Þórðarson <sigurjon@hmv.is>; Alfred Schiöth <alfred@hne.is>; Leifur <leifur@haust.is>; Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>; magnus <magnus@hes.is>; Hörður Þorsteinnsson <hordur@heilbrigdiseftirlit.is>; Árni Davíðsson <arni@eftirlit.is>

Cc: J.Trausti Jónsson <trausti@hes.is>; Páll Stefánsson <pall@heilbrigdiseftirlit.is>; Svava Svanborg Steinarsdóttir <svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is>; Helgi Guðjónsson <helgi.gudjonsson@reykjavik.is>; Ágúst Óskar Sigurðsson <agust@hsl.is>

Subject: Stöðuskýrsla um fráveitumál á Íslandi

Sæl öll,

Meðfylgjandi eru drög að stöðuskýrslu um fráveitumál á Íslandi. Bið ykkur að renna yfir þau og gæta þess að upplýsingar varðandi ykkar svæði séu réttar og leiðréttar eftir þörfum. Frestur er til 27. nóvember.

Eins og ég rétt minntist á, á síðasta fundi þá voru gagnaskilin einfölduð mjög fyrir árið 2018 og við munum halda áfram að reyna að gera þau enn auðveldari í framtíðinni með gagnagátt sem verður tilbúin eftir áramótin. Einnig viljum við færa gagnaskilin fram um tvö ár þ.e. að ekki þurfi að safna gögnum sem eru orðin tveggja ára gömul. Það þýðir að við þurfum aftur að taka saman gögn eftir áramótin fyrir árið 2020 en svo fáum við frí í tvö ár eftir það.

Bestu kveðjur, Best regards

Hólmfríður Þorsteinsdóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúru, hafs og vatns, Department for Nature, Ocean and Water



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)